

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp það, um viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, sem lagt var fyrir það af stjórnarinnar hálfu, og leyfi eg mjer því að senda frumvarp þetta hjermeð bæði í þeim búningi, er það kom í frá þinginu og í danskri þýðingu.

Ákvæði stjórnarfrumvarpsins um að leggja hegning við því að liðsinna skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland eða hjálpa því til að komast undan hegningu fyrir slíkar veiðar eru með nokkrum breytingum tekin upp í 1. gr. lagafrumvarps þess, er alþingi samþykkti. Alþingi hefir eigi látið staðar numið við þessar ráðstafanir til að hindra það að landsmenn veiti botnvörpuveiðaskipum liðsinni við ólögættar fiskiveiðar. Með því að síðasta alþingi var sams hugar og alþingið 1899 um það, að koma ætti í veg fyrir hin ósamilegu mök milli íslenzkra fiskimanna og enskra botnvörpuskipa, sem getur um í brjefi mínu 20. oktbr. 1899, bæði í landhelgi og utan, hefir þingað í 2. gr. sett ákvæði um, að hjerlendur maður, er leggur það í vana sinn að dvelja á útlendum botnvörpuskipum við veiðar þeirra, eða er í botnvörpuskipi eða á báti við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi við Ísland, án þess að hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að auðsætt sje að hann eigi enga hlutdeild í veiðiskap þess, skuli, sje hann eigi lögskráður skipverji á skipinu, sæta sekt-um eftir 1. gr.

Með því að hegning sú, sem ákveðin er í 2. gr. laga 6. apríl 1898, sektir og upp- tekt veiði og veiðarfæra, kemur aðeins niður á hlutaðeigandi skipseiganda, en skipstjórinn, sem í rauninni er hinn eini sökudólgur, kemst alveg hjá hegningunni, hefir alþingi í 3. gr. lagafrumvarpsins tekið upp það ákvæði, að hver sá skipstjóri, er sekur verður um brot á 1. gr. nýnefndra laga, skuli auk sekta þeirra, er ákveðnar eru í 2. gr. laganna, sæta fangelsi, eigi minna en 14 daga einföldu fangelsi.

Loks hefir 4. gr. inni að halda hin venjulegu ákvæði um að sektir eptir lögnum skuli renna í landssjóð og mál um brot gegn þeim skuli rekin sem opinber lögreglumál.

Með þessum athugasemdum og með skirskotun til álits nefndar þeirrar, er sett var í málið af neðri deild, og prentað er í Cdeild Alþingistíðindanna 1901, nr. 92, skal jeg leyfa mjer virðingarfyllst að skjóta þessu máli til hæstvirtra aðgerða hins háa ráðaneytis.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamt- 64
inu um flutning þingstaðar. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í 31. maí
brjefi yðar, dagsettu 27. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Grunnavíkurbhreppi í Ísafjardarsýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Stað í Grunnavík að Höfða, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalds á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiðtsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku- 65
leyfi handa Brjánslækjarprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra 19. júní